



## Virknimat

Virknimat (*functional behavioral assessment*) er skipulagt ferli til að (Yell, Meadows, Drasgow & Shriner, 2009; Kern, O'Neill & Starosta, 2005):

- Ákvarða þætti í umhverfinu sem spá fyrir um og viðhalda erfiðri hegðun hjá einstaklingum
- Afla upplýsinga um vandamálahegðun til þess að skilja hana og lýsa því af hverju hegðunin á sér stað
- Komast að því hvaða aðstæður það eru sem auka líkur á hinni erfiðu hegðun,
- Hvaða aðdragandi kemur henni af stað
- Hvaða tilgangi hegðunin þjónar

Í virknimati er athygli beint að sjónarhorni einstaklings sem á í vanda og ýtir undir skilning á ástæðum fyrir erfiðri hegðun. Einnig er athygli beint að þáttum sem hægt er að breyta (svo sem aðdraganda, afleiðingum og færnickorti) og rannsóknir hafa sýnt að það er árangursríkt að breyta (Kern, O'Neill & Starosta, 2005). Romaniuk, Miltenberger, Conyers, Jenner, Jurgens & Ringenberg (2002) gerðu athugun á því hvaða styrkingarskilmálar væru algengir til að viðhalda og auka tíðni óæskilegrar hegðunar nemenda. Við athuganir þeirra var notast við virknimat á hegðun með beinu áhorfi. Matið renndi stoðum undir þá hugmynd að hegðunin væri ýmist jákvætt eða neikvætt styrkt og að fyrir ákveðin hóp nemenda nægði að breyta aðdraganda vandamálahegðunar til að draga úr henni. Einnig er mælt með notkun heildstæðra inngripa (*behavior intervention plans*) til að styðja við jákvæða hegðun sem kemur í stað hinnar erfiðu hegðunar, það er þjónar sama tilgangi (Yell, Meadows, Drasgow & Shriner, 2009).

Hegðun tengist aðstæðum. Það eru margir þættir sem geta ýtt undir, komið af stað, styrkt eða viðhaldið óæskilegri hegðun einstaklinga. Sem dæmi má nefna erfið verkefni, fyrirmæli, viðbrögð kennara og sammemenda. Hegðun þjónar einnig tilgangi. Í grófum dráttum eru tvær meginástæður fyrir óæskilegri hegðun, það eru annars vegar að fá eða halda einhverju eftirsóknarverðu og hins vegar að flýja eða forðast eitthvað leiðinlegt eða erfitt. Ástæður fyrir hegðun geta bæði verið tengdar

félagslegum þáttum (*social functions*) og innri þáttum (*non-social functions*). En erfiðri hegðun er hægt að breyta því hún, rétt eins og önnur hegðun, er lærð og getur því verið „aflærð“ með árangursríkum inngrípum (Yell, Meadows, Drasgow & Shriner, 2009; Kern, O’Neill & Starosta, 2005). Athuganir á áhrifum jákvæðrar styrkingar á vandamálahegðun hafa sýnt að hægt er að draga úr erfiðri hegðun nemenda með því að stýra styrkingarskilmálum. Main og Munro (1977) gerðu athugun á áhrifum tákstyrkja fyrir æskilega hegðun nemenda. Niðurstöður sýndu að tíðni æskilegrar hegðunar jókst og það dróg úr óæskilegri hegðun þegar tákstyrkjakerfi var hrint í framkvæmd.

Erfið hegðun er oft leið einstaklings til að fá þörfum sínum mætt í tilteknu umhverfi. Þegar börn skortir færni til að tjá þarfir eða ná markmiðum sínum á viðeigandi hátt geta þau gripið til óæskilegrar hegðunar. Óæskileg hegðun leiðir yfirleitt til skjótra viðbragða. Þannig verður óæskileg hegðun oft mun áhrifameiri heldur en æskileg hegðun vegna þess að fólk lærir fljótt einföldustu leiðina til að fá það sem það þarf (Yell, Meadows, Drasgow & Shriner, 2009; Kern, O’Neill & Starosta, 2005).

Óheppilegar aðferðir til þess að taka á óæskilegri hegðun geta fests í sessi. Viðbrögð fullorðinna sem stöðva hinu erfiðu hegðun á sem fljótastan hátt styrkjast. En viðbrögðin hafa ekki endilega tilætluð áhrif á hegðun einstaklings til lengri tíma lítið. Það getur því skapast vítahringur þar sem erfið hegðun einstaklings og árangurslítil viðbrögð fullorðinna festast í sessi. Það er því mikilvægt að greina vandann rétt svo að hægt sé að leysa hann (Yell, Meadows, Drasgow & Shriner, 2009; Kern, O’Neill & Starosta, 2005).

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir að sama hegðun getur þjónað mismunandi tilgangi en einnig getur mismunandi hegðun einstaklinga þjónað sama tilgangi. Því er mikilvægt að skoða samhengi hegðunar og hvaða tilgangi hún þjónar fyrir einstaklinginn sem verið er að vinna með. Velja þarf inngríp með hliðsjón af tilgangi hegðunar frekar en formi hennar (Yell, Meadows, Drasgow & Shriner, 2009; Kern, O’Neill & Starosta, 2005). Ervin, DuPaul, Kern og Friman (1998) gerðu rannsókn þar sem þeir notuðu inngríp sem byggðust á virknimati til að draga úr óæskilegri hegðun nemenda með ADHD. Niðurstöður sýndu að inngríp byggð á slíku mati voru árangursrík og ánægja var meðal starfsfólks skólans og nemenda með aðferðirnar.

## **Framkvæmd virknimats**

Það eru fimm skref sem hafa þarf í huga við framkvæmd virknimats:

- Mat á vanda – er þörf á einstaklingsinnngripi?
- Skilgreining á markhegðun, það er óæskilegri hegðun sem ætlunin er að takast á við
- Söfnun upplýsinga með óbeinum aðferðum
  - o Bakgrunnsáhrifavaldar
  - o Aðdragandi
  - o Afleiðingar – tilgangur
- Bein athugun á hegðun
  - o Staðfesting á upplýsingum sem fengust með óbeinum aðferðum
- Tilgáta um tilgang (einnig kallað samantektarstaðhæfing)

## **Heildstæð stuðningsáætlun**

Heilstæð stuðningsáætlun byggir á stuðningi við jákvæða hegðun (*positive behavior support*). Þar er lögð áhersla á að kenna viðeigandi hegðun í stað óæskilegrar. Niðurstöður virknimats og tilgátur um tilgang eru notaðar til að búa til margþætt inngríp til að mæta þörfum einstaklinga. Í stuðningsáætluninni er lögð áhersla á að breyta félagslegu samhengi hegðunar til að fyrirbyggja óæskilega hegðun, kenna aðra æskilega í staðinn og festa hana í sessi með jákvæðri styrkingu (Yell, Meadows, Drasgow & Shriner, 2009).

Heildstæð og einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun innihalda inngríp sem beinast að þeim þáttum sem hafa áhrif á hina óæskilegu hegðun. Það er úrræði sem beinast að bakgrunnsáhrifavöldum, breytingum á aðdraganda, kennslu á æskilegri hegðun og stjórnun á afleiðingum (Yell, Meadows, Drasgow & Shriner, 2009).

## **Framkvæmd heildstæðrar stuðningsáætlunar**

Stuðningsáætlun gerð með hliðsjón af inngrípsflæðiriti (yfirlit yfir áhrifaþætti á hegðun). Átta þættir sem hafa þarf í huga við framkvæmd stuðningsáætlunar:

- Óskahegðun (samanber langtímamarkmið).
- Hegðun í stað þeirrar óæskilegu (samanber skammtímamarkmið)

- Hugarflæði: Hugmyndir innan hvers flokks
- Framkvæmanleg úrræði innan hvers flokks valin
- Stuðningsáætlun sett upp
- Langtíma- og skammtímamarkmið skilgreind
- Áætlun um mat á framkvæmd og árangri
- Áætlun um viðhald á árangri

## Heimildir

- Ervin, R. A., DuPaul, G. J., Kern, L. og Friman, P. C. (1998). Classroom-based functional and adjunctive assessment: Proactive approaches to intervention selection for adolescents with attention deficit hyperactivity disorder. *Journal of Applied Behavior Analysis*, 31, 65-78.
- Kern, L., O'Neill, R. E. & Starosta, K. (2005). *Í individualized Supports for Students with Problem Behaviors*. Bambara, L. M & Kern, L. (Ritsj.). New York: The Guilford Press.
- Main, G.C. & Munro, H.C. (1977). A token reinforcement program in a public junior-high school. *Journal of applied behavior analysis*, 10, 93-94.
- Romaniuk, C., Miltenberger, R., Conyers, C., Jenner, N., Jurgens, M. & Ringenberg, C. (2002). The influence of activity choice on problem behaviors maintained by escape versus attention. *Journal of applied behavior analysis*, 35, 349-362.
- Yell, M. L., Meadows, N. B., Drasgow, E. & Shriner, J. G. (2009). *Evidence-based Practices for educating Students with Emotional and Behavioral Disorders*. New Jersey: Pearson.